

Sérstakir skilmálar fyrir þáttin Eftirlífendalífeyrir: Höfuðstóll við andlát E 627

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar útskýra fyrir þér þær reglur sem gilda um ofangreindan þátt.

Ef annað er ekki tekið fram í þessum skilmálum gilda Almennu tryggingarskilmálarnir fyrir Grunnþáttinn eftir því sem við á.

Með kveðju,

Allianz Lebensversicherungs-AG

Efnisyfirlit:

- A Sérstakir skilmálar
- § 1 Hvað er tryggt?
- § 2 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hlutdeild í hagnaði?
- § 3 Hvenær geturðu hækkað Tryggan höfuðstól við andlát?
- § 4 Hvernig geturðu lækkað Tryggan höfuðstól við andlát?
- § 5 Hvernig geturðu útilokað þáttinn Höfuðstóll við andlát?
- § 6 Hvernig er sambandið við Grunnþáttinn?
- § 7 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?
- § 8 Hvað gildir um uppsögn?

A Sérstakir skilmálar**§ 1 Hvað er tryggt?**

Ef hinn tryggði andast á tryggingartíma þáttarins Höfuðstóll við andlát, þá greiðum við Tryggan höfuðstól eins og um var samið í því tilviki.

Ef samið var um Félagatryggingu, þá greiðum við, eins og um var samið, Tryggan höfuðstól við andlát þess hinna tryggðu sem fyrstur fellur frá.

Ef fleiri en einn hinna tryggðu fellur frá samtímis, þá greiðum við Tryggan höfuðstólinn aðeins einu sinni.

§ 2 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hlutdeild í hagnaði?

(1) Þátturinn Höfuðstóll við andlát á hlutdeild í hagnaðinum út af fyrir sig. Hvaða flokki þáttur þinn tilheyrir má sjá í tryggingarupplýsingunum. Samkvæmt þeirri flokkun veitum við, í byrjun hvers tryggingarárs, þætti þínum hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarlutar). Auk þess getur lokahagnaðarluti bæst við í lok samningsins. Við birtum prósentuhluta hagnaðarlutdeildar í ársskýrslunni eða tilkynnum þér hann sérstaklega.

Þar að auki veitum við þættinum Höfuðstóll við andlát hlutdeild í matssjóðunum. Þeim er deilt á tryggingarnar samkvæmt aðferð sem tekur mið af orsakarsamhengi.

Þættinum Höfuðstóll við andlát falla þó engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir í skaut. Hagnaðarlutur iðgjalda vegna Höfuðstóls við andlát reiknast þannig, að þeim er ráðstafað til að standa straum af áhættu- og rekstrarkostnaði. Það myndast því engar eða óverulegar upphæðir til fjárfestinga, sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

(2) Reiknistuðlarnir, sem hlutdeild í hagnaði miðast við, eru einkum háðir þættinum, aldri hins tryggða, lengd tryggingar-/biðtímans og hæð Tryggs höfuðstóls við andlát. Þeir eru reiknaðir út skv. viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

(3) Hagnaðarlutarnir eru, eins og hagnaðarlutar Grunnþáttarins, notaðir á þann hátt sem lýst er í viðkomandi Almennum tryggingarskilmálum.

(4) Í viðbót við árlega hagnaðarluta getur lokahagnaðarluti bæst við þegar tryggingargreiðslan gjaldfellur. Hæð þessa lokahagnaðarluta er ákveðin með tilliti til arðseminnar hverju sinni og þróunar dánartíðni. Lokahagnaðarlutinn verður greiddur út í einu lagi í lok samnings og hækkar þannig hlutdeild lokahagnaðar Grunnþáttarins.

§ 3 Hvenær geturðu hækkað Tryggan höfuðstól við andlát?

Hafirðu einnig innifalið Tryggan höfuðstól við andlát frá samningsgerð, þá geturðu, við eftirtalda atburði, hækkað Tryggan höfuðstól við andlát, án þess að fram fari nýtt áhættumat. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir nægir að einn hinna tryggðu fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

- Fæðing barns hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling
- Hinn tryggði hefur sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði.
- Lok starfsmenntunar eða byrjun atvinnuþátttöku hins tryggða
- Hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign til eigin nota að upphæð að minnsta kosti 100.000 EUR.

Í þessum tilvikum má hækkaður Tryggur höfuðstóll við andlát ekki fara upp fyrir tvöfaldan Tryggan höfuðstól til ellilífeyris. Ef til vill þarf jafnframt að hækka Tryggan höfuðstól til ellilífeyris það mikið að þetta skilyrði sé uppfyllt.

Ef Tryggur höfuðstóll til ellilífeyris er samtímis hækkaður að minnsta kosti í sama hlutfalli og Tryggur höfuðstóll við andlát, þá geturðu einnig hækkað Tryggan höfuðstól við andlát við eftirtalda atburði:

- Hinn tryggði gengur í hjónaband
- Hinn tryggði verður fullveðja

Í Félagatryggingu nægir að einn hinna tryggðu uppfylli þessi skilyrði.

- Þegar heil ár eru liðin frá upphafi tryggingarinnar, ef liðin eru 5 ár frá því samningurinn var gerður eða frá síðustu hækkingu Tryggs höfuðstóls

við andlát. Til að svo megi verða þarf að sækja um hækkunina að minnsta kosti 6 mánuðum fyrr.

Að öðru leyti gilda eftirfarandi forsendur:

- Fara verður fram á hækkunina innan 6 mánaða frá því að áðurgreindir atburðir áttu sér stað
- Hinn tryggði er ekki, eða, í Félagatryggingum, enginn hinna tryggðu er, enn kominn yfir 53 ára reiknaðan aldur
- Hinn tryggði er ekki, eða, í Félagatryggingum, enginn hinna tryggðu er, óvinnufær.

Um hækkun Tryggs höfuðstóls við andlát gilda eftirfarandi takmarkanir:

- Lágmarksupphæð: 2.500 EUR
- Hámarksupphæð: 25.000 EUR
- Hámarksupphæð við fleiri en eina hækkun: samtals 50.000 EUR
- Hækkaði Tryggi höfuðstóllinn við andlát má ekki fara yfir 250.000 EUR

Hækkun Tryggs höfuðstóls við andlát og, ef við á, Tryggs höfuðstóls til ellilífeyris, fer fram samkvæmt gjaldskráreglum sem um það gilda. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Örorkulífeyrisþáttur er ekki hækkaður með
- Þáttinn Höfuðstól við andlát af slysförum er aðeins hægt að hækka um leið og Tryggan höfuðstól til ellilífeyris, og þá í sama hlutfalli. Hækkunin fer fram samkvæmt þeim gjaldskráreglum sem um það gilda. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

§ 4 Hvernig geturðu lækkað Tryggan höfuðstól við andlát?

Þú getur lækkað Tryggan höfuðstól við andlát, svo framarlega sem gjaldskráreglur Grunnþáttarins heimila það. Þáttinn Tryggan höfuðstól við andlát er aðeins hægt að lækka um leið og Tryggan höfuðstól til ellilífeyris, og þá í sama hlutfalli.

Ef óskað er greinum við þér nánar frá skilyrðunum og afleiðingum.

§ 5 Hvernig geturðu útilokað þáttinn Höfuðstóll við andlát?

Þú getur útilokað þáttinn Höfuðstóll við andlát, svo framarlega sem gjaldskráreglur Grunnþáttarins heimila það. Í stað Grunnþáttar fyrir ellilífeyri kemur þá nýr grunnþáttur með eftirfarandi greiðslum:

- Ef hinn tryggði lifir umsamin lok tryggingar-/biðtíma, þá geturðu valið milli þess að fá greitt út annað hvort umsamin Tryggan höfuðstól eða að fá ævilangan tryggan lífeyri.
- Við andlát hins tryggða, fyrir umsamin lok tryggingar-/biðtíma, endurgreiðum við þau iðgjöld sem greidd hafa verið fyrir Ellilífeyrisþáttinn, að frátöldum iðgjöldum fyrir aðra þætti sem hugsanlega voru innifaldir.

Hæð umsamins Tryggs höfuðstóls samkvæmt Grunnþættinum breytist ekki.

Iðgjaldið fyrir nýja Grunnþáttinn er reiknað út samkvæmt reglum tryggingastærðfræðinnar.

Hafi aðeins Tryggur höfuðstóll við lifun verið tryggður í fyrri Grunnþætti, þá gilda þær útreikningsforsendur og þau

1ákvæði fyrir nýja Grunnþáttinn sem í gildi eru á tímarpunkti útilokunarinnar.

§ 6 Hvernig er sambandið við Grunnþáttinn?

(1) Þátturinn Höfuðstóll við andlát og Grunnþátturinn myndar saman eina heild; ekki er hægt að halda honum áfram án Grunnþáttarins.

(2) Þátturinn Höfuðstóll við andlát fellur niður í síðasta lagi þegar Grunnþættinum lýkur eða í síðasta lagi við upphaf lífeyristöku úr Grunnþættinum.

§ 7 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

Þáttinn Höfuðstól við andlát er aðeins hægt að gera iðgjaldsfrían um leið og Grunnþáttinn. Tryggan höfuðstól við andlát lækkum við þá samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum til grundvallar endurkaupvirðið samkvæmt 1. mgr. § 8.

Greiðslan úr iðgjaldsfría þættinum Höfuðstóll við andlát er frá þeirri stundu þegar þátturinn er gerður iðgjaldsfrír, jafn há iðgjaldsfría Trygga höfuðstól grunnþáttarins.

§ 8 Hvað gildir um uppsögn?

(1) Ef þú segir tryggingu upp, þá greiðum við – sé það fyrir hendi – endurkaupvirðið. Það er sett saman úr endurkaupvirði Grunnþáttarins og endurkaupvirði annarra innifalinnna þátta.

Endurkaupvirði þáttarins Höfuðstóll við andlát er bótahöfuðstóll þáttarins Höfuðstóll við andlát, eins og bótahöfuðstóllinn reiknast á uppsagnardegi samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar, þar sem lagðar eru til grundvallar iðgjaldareikniforsendur (§ 169 laga um tryggingasamninga (VVG)).

(2) Útreiknaða upphæðin í málsgrein 1 sætir frádrætti samkvæmt 5. mgr. § 169, VVG. Frádrátturinn er settur saman úr frádrætti vegna Grunnþáttarins og frádrætti annarra innifalinnna þátta.

Í tryggingarupplýsingunum má sjá hvaða frádráttur gildir um trygginguna. Þar er líka að finna ástæður frádráttarins.

Ef þú sannar fyrir okkur að ætlaðar forsendur sem frádrátturinn byggist á eigi ekki við í þínu tilviki eða að frádrátturinn skuli vera lægri, þá fellur frádrátturinn niður eða lækkar eftir því sem við á.

(3) Þessu til viðbótar getur komið endurkaupvirði úr hlutdeild í lokahagnaði (sjá 4. mgr. § 2). Upphæðin er reiknuð út með aðferðinni sem lýst er í Tryggingastærðfræðilegu ábendingunum.